

Kennsluáætlun
7.bekkur
Námsgrein: Textílmennt
Kennari: Ólöf Á. Stefánsdóttir



Markmið:

Helstu markmið á þessu aldurstigi er að kynna fyrir nemendum aðferðir í textíl og hráefni innan þessarar greinar til þess að skapa eigin verk. Þá fer saman að læra bæði tæknilegar aðferðir og að þróa ferilvinnu í sköpun hugmynda til að ná dýpt og persónulegum verkum. Til þess að það geti orðið þjálfar nemendur með sér einbeitni, þolinmæði og sjálfstæði. Um leið og nemendur hafa farið þennan feril sköpunar er markmiðið að þeir hafi gert sér grein fyrir hvað það tekur mörg stig að búa til afurð. Markmiðið með slíku vinnu- og námsferli er einnig til að vekja til umhugsunar um framleiðslu á hlutum sem tengist viðmiðum um menntun til sjálfbærni.

Kennsluáætlun/vinnulag:

Einstaklingskennsla, sýnikennsla, hópinnlagnir og samræður. Í öllu ferlinu er notast við kennsluáætlun sem tengir við möguleikahugsun, þ.e. að skoða valkosti á mismunandi stigum í skapandi ferilvinnu. Sýnikennsla er mikilvæg þegar nemendur læra meðferð grunnáhalda. Hún er einnig mikilvæg í sköpunarvinnunni til að fá það útlit í samræmi við hugmyndavinnu.

Gerði athugasemd [ÓÁS1]:

Gerði athugasemd [ÓÁS2]:

Námsmat:

Vinna nemenda er metin eftir hverja lotu í samræmi við ákveðin matsviðmið sem tengd eru hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Námsmatið er skráð í Mentor. Eins er símat notað alla lotuna.

Námsgögn:

Kynningar frá kennara af ýmsum miðlum. Veraldarvefurinn notaður ásamt bókum og blöðum sem tengjast verkefninu.